

Sp. 457. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um afnotarétt þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pálmi Jónsson, Bragi Sigurjónsson,
Magnús Kjartansson, Magnús T. Ólafsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að því, að skipulögð verði sumarbústaðalönd á ríkisjörðum til afnota fyrir þéttbýlisbúa, og láta semja frumvarp að lögum um þetta efni, sem lagt verði fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Allmiklar umræður fara nú fram um eignar- og afnotarétt af landi, um landvernd og landnytjar. Kaupstaðabúar gera þá kröfu að fá óhindraðan aðgang og afnot af ónytjuðu landi, en jafnframt þrá þeir flestir að hafa til einkaafnota landsspildu, þar sem þeir geta byggt sér sumarhús og dvalist í fristundum. Hefur þetta leitt til þess, að verðlag á eftirsóttum sumarbústaðalöndum hefur hækkað verulega. Ríkið á nú um 900 jarðir, sem margar hverjar eru litt eða ekki nytjaðar. Viða á þessu landi eru hin ákjósanlegustu skilyrði til útivistar og sumardvalar, sem eðlilegt er að heimila alþýðu að hagnýta.

Deilur þær, sem spröttið hafa um afnotarétt lands, ættu að leiða til þess, að leitast yrði við að setta sjónarmiðin, og að því miðar tillaga þessi. Hún gerir ráð fyrir, að landsmönnum öllum verði gert kleift að hafa til einkaafnota nokkurt land, sem jafnframt kynnu að fylgja þær kvaðir, að leigutaki tæki þátt í ræktun nærliggjandi landssvæða, gróðursetningu trjáplantna, fiskrækt o. s. frv. Að sjálf-sögðu yrði samráð haft við Náttúruverndarráð. Þá er og ljóst, að þessar aðgerðir mundu stemma stigu við óhóflegri hækkun verðlags sumarbústaðalanda, sem ýms-um vex þegar í augum. Hér er því um að ræða raunhæfar aðgerðir til þess annars vegar að auðvelda þjóðinni allri afnot landsins og hafa jafnframt hemil á hækkun jarðaverðs, þar sem svo hagar til, að sóst er eftir löndum fyrir sumarbústaði.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Meðal flutningsmanna þá voru Ágúst Þorvaldsson, Benedikt Gröndal, Hannibal Valdimarsson og Eysteinn Jónsson.